

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1336*  
*komudagur 14.3.2006*



**LANDSSAMBAND ÆSKULÝÐSFÉLAGA**  
HH – Pósthússtræti 3-5 - 101 Reykjavík  
Sími/Tel: (+354) 561 1100  
Fax: (+354) 520 4601  
youth@youth.is

**Nefndasvið Alþingis**  
**Menntamálanefnd**  
**b/t Elísabetar Ránar Andrésdóttur,**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík 13. mars 2006  
Tilvísunarnr: 2006031301

Efni: **Frumvarp til æskulýðslaga (434. mál).**

Landssamband æskulýðsfélaga - LÆF þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér endurskoðun á æskulýðslögum.

LÆF fagnar því að lagt sé fram frumvarp að nýjum lögum um æskulýðsmál. Gömlu löggin eru líkt og menntamálanefnd er vel kunnugt, frá árinu 1970 og svara ekki kalli tímans nógu vel.

Landslagið í æskulýðsstarfi hefur breyst mikið á þessum tíma og kröfur um gæði skipulagðs æskulýðsstarfs hafa aukist í takt við aukna þekkingu og aukna velsæld í samfélaginu.

Nauðsynlegt er þó að hið opinbera stígi varlega til jarðar við lagasetningu af þessu tagi þar sem löggin taka m.a. til starfsemi frjálsra félagasamtaka, þó vissulega sé jafnframt mikilvægt það hlutverk ríkisins að gæta hagsmuna barna og ungmenna.

Í þriðju málsgrein 10.greinar frumvarpsins er kveðið á um að öllum þeim sem falla undir lög þessi verði beinlínis óheimilt að ráða til starfa einstaklinga sem dæmdir hafa verið fyrir kynferðisbrot eða brot gegn fíkniefnalöggjöfnni. LÆF leggst gegn því að ákvæðið taki til hinna síðastöldu enda geti það talist íþyngjandi og geti haft slæmar afleiðingar fyrir ýmislegt forvarnarstarf sem unnið er af æskulýðsfélögum þar sem fíklar og áfengissjúklingar í bata hafa oftsinnis reynst dýrmætir starfskraftar. **LÆF leggur til að þetta ákvæði falli brott og í staðinn komi ákvæði um að skyit sé að biðja umsækjendur um störf um að framvísa sakavottorði.** Ábyrgðin sé þannig lögð á forsvarsmenn æskulýðsstarfsins að meta í hverju tilfelli fyrir sig hvort synja beri einstaklingi um starf vegna dóms sem komi fram á sakavottorði. LÆF telur að með þessu eigi markmið höfundar frumvarpsins um aukna vernd til handa börnum og ungmennum að nást.

Í 5.grein frumvarpsins er kveðið á um að fimm fulltrúar í Æskulýðsráð ríkisins skuli tilnefndir af æskulýðssamtökum. Nauðsynlegt er í nafni lýðræðislegra vinnubragða að kveða skýrar á um hvaða samtök það séu. **LÆF leggur til að þetta verði nánar skilgreint þannig að miðað sé við þau samtök sem eigi aðild að landssambandi æskulýðsfélaga en að jafnframt geti**


**menntamálaráðuneytið eða Æskulýðsráðið sjálf með sérstakri ákvörðun veitt einstökum æskulýðssamtökum sem standi utan LÆF aðgang að kjörfundi fyrir Æskulýðsráð ríkisins**

Að lokum harmar LÆF að ekki sé gert ráð fyrir auknum fjárframlögum til æskulýðsstarfs í lögunum og bendir á það mikla ósamræmi sem er á milli opinberra framlaga til æskulýðsstarfs annars vegar og íþróttamála hins vegar. Mikilvægi þessara tveggja geira þegar að kemur að forvörnum ýmis konar er án efa jafnt. Jöfn tækifæri barna og ungmenna til þátttöku í þroskandi og uppbyggjandi æskulýðsstarfi óháð efnahag er markmið sem ríki og sveitarfélög þurfa að leggja meiri áherslu á.

LÆF gerir að öðru leyti ekki athugasemd við frumvarpið og vonar að það nái fram að ganga á þessu þingi.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssambands æskulýðsfélaga,



Andrés Jónsson

Formaður Landssambands æskulýðsfélaga - LÆF

HH - Pósthússtræti 3-5

101 Reykjavík

Sími/Tel: (+354) 561 1100

Fax: (+354) 520 4601

youth@youth.is